

2. Í Luxemborg fyrir þau skattár, sem hefjast eftir 31. desember þess almanaksárs, sem uppsögnin átti sér stað.

2. au Luxembourg, pour les années d'imposition commençant après le 31 décembre de l'année civile du préavis.

ÞESSU TIL STAÐFESTINGAR hafa fulltrúar beggja ríkjanna undirritað samning þennan og sett við innsigli sín.

En foi de qui, les Plénipotentiaires des deux Etats ont signé la présente Convention et y ont apposé leurs sceaux.

GERT í Luxemborg, hinn 29. dag aprílmánaðar 1975 í tveim eintökum á íslensku og frönsku, og skulu báðir textar vera jafngildir.

Fait à Luxembourg, le 29 avril 1975 en double exemplaire, en langues française et islandaise, les deux textes faisant également foi.

Fyrir hönd
Lýðveldisins Íslands:
Henrik Sv. Björnsson.

Pour le Grand-Duché de Luxembourg:

Gaston Thorn.

Fyrir hönd
Stórhertogadæmisins Luxemborgar:
Gaston Thorn.

Pour la République d'Islande:

Henrik Sv. Björnsson.

31. ágúst 1976.

Nr. 19.

AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamnings frá 21. febrúar 1971 um ávana- og fíkniefni.

Samkvæmt tilkynningu framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna dags. 20. ágúst 1976, tók gildi hinn 16. þ. m., alþjóðasamningur um ávana- og fíkniefni, sem gerður var í Vínarborg hinn 21. febrúar 1971.

Samningurinn var birtur sem fylgiskjal með auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 23/1974.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. ágúst 1976.

Einar Ágústsson.

Henrik Sv. Björnsson.

7. september 1976.

Nr. 20.

AUGLÝSING

um breytingu varðandi samninginn um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA).

Hinn 31. ágúst 1976 voru utanríkisráðuneyti Svíþjóðar afhent fullgildingsarskjöl Íslands vegna samþykktu ráðs Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) nr. 8/1975 og hins sameiginlega ráðs samtakanna og Finnlands nr. 2/1975, sem gerðar voru hinn 6. nóvember 1975, um breytingu á viðauka G við samninginn um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 4. janúar 1960, þ. e. sérákvæðum samningsins vegna Portúgal hvað snertir innflutningstolla og magnatakmarkanir á útflutningi.